

Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Selfoss, 4.11.2024  
UST202402-116/H.M.V.  
08.14.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. ágúst 2024 - Múlaþing, urðunarstaður að Brandsbölum, Borgarfirði eystri, ID 44**

Þann 8. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Brandsbölum í Borgarfirði eystri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstað var til staðar jarðvegsefni bundið biki, sem samræmist ekki móttökuskilyrðum starfsleyfis (sjá nánar umfjöllun í skýrslu).

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. nóvember 2024.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur